

## Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 28. nóvember 2023.

### Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 28. nóvember 2023 kl. 14:30 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EEP), Gizur Bergsteinsson (GB) og Kolbrún Benediktsdóttir (KB). Þá sátu fundinn Bryndís Helgadóttir (BH), Hákon Þorsteinsson (HÞ) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), öll starfsfólk dómsmálaráðuneytisins, og ritaði hinn síðastnefndi fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Til umfjöllunar og umræðu voru drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld og birting ákæru í stafrænu pósthólfi, sem kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda 1. – 20. nóvember 2023.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.15.

ÞHP.